



## Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

12.fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps haldinn 9. maí 2012 klukkan 15:00, á Höfðagötu 3, Hólmavík.

Mættir: Bryndís Sveinsdóttir (Strandabyggð), sem stýrði fundi, Hrefna Þorvaldsdóttir, í síma (Árneshreppur), Jenný Jensdóttir (Kaldranaeshreppur). Andrea Björnsdóttir (Reykhólahreppi) og Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (Strandabyggð) boðuðu forföll.

Hildur Jakobína Gísladóttir félagsmálastjóri skrifaði fundargerð.

Mál á dagskrá:

### 1. Starfslýsing forstöðumanns félagsstarfs aldraðra

*Bókun: Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps samþykkir starfslýsingu forstöðumanns félagsstarfs aldraðra fyrir félagsþjónustuna.*

### 2. Trúnaðarmál

*Bókun skv. niðurstöðu færð í trúnaðarbók.*

### 3. Húsnæðismál í Strandabyggð, erindi frá Kristínu S. Einarsdóttur, dags. 19.apríl 2012.

Í erindi er óskað eftir afstöðu Velferðarnefndar varðandi sölu á íbúðahúsnæði í eigu sveitarfélagsins Strandabyggðar þegar skortur er á leiguhúsnæði.

*Bókun: Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps vísar erindinu til sveitarstjórnar Strandabyggðar.*

### 3. Trúnaðarmál

*Bókun skv. niðurstöðu færð í trúnaðarbók*

### 4. Minnisblað vegna fundar félagsmálastjóra og formanns Velferðarsviðs við stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi og á Hólmavík sem haldinn var á á Hólmavík, þann 20. apríl klukkan 13:00.

Þrjú mál voru til umfjöllunar á fundinum. Sjúkrapjálfun og/eða endurhæfing á svæði félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Þátttökubeiðni í sálfræðikostnaði vegna tilraunarverkefnis sveitarfélagsins um að fá sálfræðing á starfssvæðið og samvinna vegna félagslegrar og heilbrigðislegrar heimaþjónustu. Félagsmálastjóri hefur sent formlegt erindi til framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Hólmavík en ekki hefur borist svar við því erindi.

*Bókun. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps felur félagsmálastjóra að senda formlegt erindi um mögulega endurhæfingu fatlaðs fólks sem og samvinnugrundvelli fyrir heimaþjónustu á starfssvæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.*